# Einn og tveir inn komu þeir

þula




Einn og tveir,
inn komu þeir,




Þrír og fjórir,
furðustórir,







fimm, sex, sjö og átta,
svo fóru þeir að hátta.

Níu, tíu, ellefu og tólf,
lögðu plöggin sín ofan á gólf.




Svo fóru
þeir að
sofa,
sína
drauma
að lofa.



En um miðjan morgun
mamma vakti þá,



þrettán, fjórtán,
fimmtán, sextán,
fætur stukku þeir á.

13 14 15 16



Svo fóru þeir að smala
suður við á,

sautján, átján lambærnar
sáu þeir þá.

17 18





19



Nítján voru tvílembdar
torfunum á,



tuttugu sauðirnir
suður við sel.




Teldu nú áfram
og teldu nú vel.